

## 60. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 17. nóvember 2004 í Ráðhúsinu. Mættir voru úr fræðslunefnd Björn Sverrisson, formaður, Katrín Pálsóttir, Linda S. Sigurðardóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir, Egill V. Benediktsson, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri, Kristín Víðisdóttir, fulltrúi foreldrafélags GSS, Einar Gunnarsson, fulltrúi kennara, Kristín Sigurðardóttir, fulltrúi starfsfólks í leikskóla, Guðrún Svana Pétursdóttir, fulltrúi foreldrafélags leikskóla og Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri. Sigrún Þórsteinsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Skýrslur skólastjóra.

Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

#### 1.1. Skólastarfið í verkfalli.

Skólastjóri sagðist harma þann tíma sem farið hefur í verkfall. Þessa stundina er vonandi verið að ganga frá nýjum samningum. Annað starfsfólk í skólanum vann ýmis störf á meðan á verkfalli stóð.

#### 1.2. Starfið í dag til jóla.

a) Ákveðið var innan skólans að setja ekki á haustannarpróf nú að loknu verkfalli. Próf og námsmat mun bíða annarinnar sem hefst eftir jól. Menntamálaráðuneytið hefur gefið út að samræmd próf hjá 4. og 7. bekk verða ekki fyrir áramót, verða væntanlega á tímabilinu janúar-febrúar.

b) Skólastjóri hyggst hitta fulltrúa foreldrafélags og marka stefnuna til jóla.

c) Skólanámskráargerð hefur verið lokið og er nú í yfirlestri hjá þremur kennurum. Að því loknu verður hún færð á lokaform og kynnt með viðhöfn.

#### 1.3. Fjárhagsáætlun 2005.

Skólastjóri gerði grein fyrir áherslupunktum grunnskóla vegna fjárhagsáætlunargerðar.

a) Tölvusamningur rennur út haustið 2005 og þarf að taka ákvörðun um hvernig skal brugðist við því.

b) Síamál innan skólans þarf að skoða.

c) Undirbúningsvinna vegna mótuneytis í grunnskólanum við Borgarbraut hefur verið í gangi, engar ákvarðanir hafa verið teknar enn og verður áfram unnið að málunum.

d) Skólalóðir GSS, Skólastíg/Borgarbraut. Fara þarf í þá vinnu að teikna upp lóðirnar við skólana og gera áætlun um framkvæmdir.

e) Allir á sama stað? Hver er framtíðarhugsunin með skólaskipulag. Huga þarf að þeirri hugsun við hönnun á leiksvæðum.

Skólastjóri svaraði að lokinni skýrslu sinni framkomnum fyrirspurnum.

Formaður bað bæjarstjóra að greina aðeins frá rekstrarhlutdeild grunnskóla. Bæjarstjóri greindi frá því að fræðslumál í heild taki yfir 60% af skatttekjum. Grunnskólinn telur rúm 40% af skatttekjum. Launaliðurinn er þar stærstur eins og annars staðar í rekstri bæjarfélagsins.

Formaður ræddi um að hugmyndin allir á sama stað væri hagstæð til lengri tíma lítið en kostaði auðvitað sitt.

Fyrirspurn kom um hvort og þá hvernig nemendum verði bættur upp glataður tími. Skólastjóri sagði að lögð yrði áhersla á 10. bekk, hugsanlega verði samræmdum prófum frestað en ákvarðanir verði teknar þegar það liggur fyrir, í samráði við bæjaryfirvöld. Skóladagatal hefur þegar riðlast nokkuð og verður sjálfsagt endurskoðað og þá greint frá þeim breytingum sem á því verða.

2. Staðan í kjaramálum kennara.  
Miklar umræður urðu um málið.
3. Önnur mál.
  - a) Einar ræddi hugmyndir um aukið samstarf grunnskóla og leikskóla í stærðfræðikennslu. Sagðist vona að þessu verkefni yrði hrundið í framkvæmd eftir áramót. Formaður tók undir þau orð.
  - b) Skólastjóri gerði grein fyrir því að grunnskóli, leikskóli og tónlistarskóli hefðu fengið úthlutað styrk að fjárhæð kr. 300.000 og munu skólastjórar skólanna þriggja funda nk. mánudag og fara yfir ráðstöfun styrksins.
  - c) Formaður þakkaði fundarmönnum fundarsetuna og sagðist vona að nú kæmist ró og sátt á í kringum skólastarfið.

Fundi slitið kl. 18:20

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari.